

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ernu Indriðadóttur
um hjúkrunarheimili, dvalarkostnað o.fl.

1. *Hversu háar upphæðir borgar fólk að meðaltali á mánuði úr eigin vasa fyrir dvöl á hjúkrunarheimili?*

Í október 2015 er meðalkostnaðarþátttaka fólks í hjúkrunarrýmum 52.696 kr. Tryggingastofnun ríkisins reiknar út kostnaðarþátttöku en stofnunin heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðherra sem getur veitt frekari upplýsingar ef þeirra er óskað.

2. *Hverjar eru hámarksgreiðslur einstaklinga á mánuði fyrir dvöl á hjúkrunarheimili?*

Hámarkskostnaðarþátttaka einstaklings í hjúkrunarrými árið 2015 er 354.902 kr. á mánuði.

3. *Hversu hátt hlutfall starfsfólks á hjúkrunarheimilum er af erlendum uppruna?*

Ráðuneytið safnar saman ýmsum upplýsingum til að fylgjast með starfsemi hjúkrunarheimila. Upplýsingar um uppruna einstakra starfsmanna eru þó ekki þar á meðal og því eru ekki tölur á að svara spurningunni.

4. *Hversu löng bið er að meðaltali eftir plássi á hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar? Hversu löng er biðin að meðaltali á landinu öllu?*

Meðfylgjandi tafla sýnir meðalfjölda og meðalbiðtíma einstaklinga á biðlista eftir hjúkrunarrými árið 2014. Um er að ræða meðalbiðtíma þeirra sem fóru í hjúkrunarrými það ár. Auk þess kemur fram í töflunni meðalhjúkrunarþyngdarstuðull (RAI) á hjúkrunarheimilum árið 2014. Hærrí stuðull bendir til veikari íbúa sem þurfa meiri þjónustu. Tölurnar eru flokkaðar eftir búsetu einstaklinga í heilbrigðisumdæmum.

Heilbrigðisumdæmi	Einstaklingar á biðlista 2014*		Meðalþyngdarstuðull (RAI)
	Meðalfjöldi	Meðalbiðtími í dögum hjá þeim sem komust í úrræði	
Vesturland	13	96	0,998
Vestfirðir	11	99	1,068
Norðurland	44	87	1,041
Austurland	26	87	1,095
Suðurland	19	87	1,052
Suðurnes	33	138	1,068
Höfuðborgarsvæðið	129	74	1,110
Allt landið	276	82	1,081

* Unnið úr vistunarmatsgrunni embættis landlæknis (bráðabirgðatölur).

Árið 2014 var meðalbiðtími þess fólks á biðlistanum sem komst í hjúkrunarrými um 80 dagar. Meðalhjúkrunarþyngdarstuðullinn (RAI) var hæstur á höfuðborgarsvæðinu, þar var hann 1,11 árið 2014 en 1,00 þar sem hann var lægstur.

5. Hversu margir 67 ára og eldri fá fulla vasapeninga frá ríkinu og hversu margir fá skerta vasapeninga?

Í október 2015 fá 86 einstaklingar í hjúkrunarrýmum fulla vasapeninga, 1.105 einstaklingar fá skerta vasapeninga og 1.381 fær enga vasapeninga. Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslu vasapeninga skv. 24. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, sbr. 48. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007. Vasapeningar heyra undir félags- og húsnæðismálaráðherra sem getur veitt frekari upplýsingar ef þeirra er óskað.